



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 26.04.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. apríl 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Vinnuskólinn 2018

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 18. apríl 2018 varðandi laun í vinnuskólanum sumarið 2018.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 18. apríl 2018



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Laun nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur

Laun nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur voru hækkuð um 30% í fyrra til þess að nálgast aðra vinnuskóla í launakjörum. Alla jafna hafa launin hins vegar fylgt hækkunum í kjarasamningum Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Lagt er til að launin í ár verði hækkuð um 4,4% í ár í samræmi við 1,4% hækkun sem kom í janúar og 3% hækkun sem verður 1. júní næstkomandi í fyrrgreindum samningi.

Nemendum úr 8. bekk grunnskóla mun nú bjóðast störf að nýju eftir nokkurt hlé. Lagt er til að að laun þeirra taki sömu hækkunum og hafa orðið á launum eldri nemenda frá því að árgangurinn var síðast að störfum, þ.e. árið 2010.

Við þessa hækkun verði launin eftirfarandi:

	Tímakaup [kr./klst.]			Launakostnaður [þús.kr.]	
	Fædd 2002	Fædd 2003	Fædd 2004	Fædd 2002 og 2003	Fædd 2004
2017	802	603	-	63.910	-
2018, hækkun 4,4%	838	630	560	66.749	30.000

Miðað við kostnað vegna launa 9. og 10. bekkjar nemenda sumarið 2017 má áætla að framangreind hækkun á þeirra launum rúmist innan núverandi ramma umhverfis- og skipulagssviðs. Hins vegar mun sviðið líklega þurfa að sækja um aukafjárveitingu að sumri loknu fyrir launum 8. bekkjar nemenda.

Guðmundur B. Friðriksson
Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða